

Kristinn Sigmundsson (1910-2003) og Ingveldur Hallmundsdóttir (1913-1999),
bændur, Arnarhóli.

2025/13

Kristinn Sigmundsson fæddist 13.11.1910 og lést 1.3.2003. Foreldrar hans voru Sigmundur Kristinn Björnsson, bóndi á Ytra-Hóli, f. 6.7.1862, d. 22.11.1943 og Friðdóra Guðlaugsdóttir frá Þröm í Garðsárdal f. 30.8.1864, d. 3.8.1928. Kristinn var yngstur af sjö systkinum.

Ingveldur Hallmundsdóttir fæddist 7.10.1913 og lést 25.7.1999. Foreldrar hennar voru Hallmundur Einarsson frá Brandhúsum f. 5.2.1885, d. 26.2.1970 og Ingibjörg Bjarnadóttir frá Túni f. 11.2.1890, d. 6.2.1970. Ingveldur var elst af átta systkinum.

Kristinn og Ingveldur gengu í hjónaband 4. október 1936 og eignuðust fjóra syni. Fyrst áttu hjónin heima á Akureyri en fluttust árið 1940 að Arnarhóli í Kaupangssveit og ráku bú. Á Arnarhóli bjuggu þau til ársins 1987 þegar þau brugðu bú og fluttu aftur til Akureyrar.

Kristinn stundaði nám við Héraðsskólann á Núpi í Dýrafirði. Hann lærði hraðritun og var um skeið þingritari á Alþingi. Hann vann skrifstofustörf á Akureyri en 1940 gerðist hann garðyrkjubóndi á Arnarhóli. Hann var brautryðjandi í framleiðslu grænmetis í Eyjafirði í kringum stríðsárin. Seinna meir skipti hann um búskaparhætti og hóf framleiðslu á kartöflum og mjólk.

Kristinn sinnti ýmsum trúnaðarstörfum. Hann var gjaldkeri Sjúkrasamlags Öngulsstaðahrepps, sat í hreppsnefnd í rúm 30 ár og var oddviti frá 1961-1974. Hann var ritari byggingarnefndar Freyvangs, formaður byggingarnefndar Hrafnagilsskóla, starfaði í stjórn KEA, var í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og var reikningshaldari Húsmæðraskólans á Laugalandi.

Ingveldur var alltaf kölluð Inga. Hún virkur félagi í kvenfélaginu Öldunni í Öngulsstaðahreppi, í slysavarnardeild kvenna og seinna í Leikfélagi Öngulsstaðahrepps. Þar lék hún, hannaði, bjó til búninga og annað sem til féll við uppsetningu sýninga. Ingveldur hafði unun af blómum, lestri og hannyrðum.

Afhendingin barst frá Hallmundi Kristinssyni, syni Kristins og Ingveldar. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

13. ágúst 2025

Katrín Björg Þórisdóttir
skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2025 / 13

A - Kristinn Sigmundsson og Ingveldur

A - Kristinn Sigmundsson og Ingveldur

1941 - 2003

A	1	1	1941 - 1950	Leikskrár frá Leikfélagi Akureyrar.
A	1	2	1952 - 1958	Leikskrár frá Leikfélagi Akureyrar.
A	1	3	1960 - 1969	Leikskrár frá Leikfélagi Akureyrar.
A	1	4	1970 - 1979	Leikskrár frá Leikfélagi Akureyrar.
A	1	5	1982 - 1989	Leikskrár frá Leikfélagi Akureyrar; Leikárið 1987-1988 (kynningarbæklingur).
A	1	6	1991 - 2003	Leikskrár frá Leikfélagi Akureyrar; kynningarbæklingur um Ferðina til Panama o.fl.
A	2	1	1969 - 1986	Landbúnaðarsýningin Selfossi 1978; Árs hátíð SKE 1986 (fjölrituð söngskrá); Ein með öllu 1978; Kveðjur fluttar Sambandi íslenzkra samvinnufélaga 13. júní 1977 í tilefni af 75 ára afmæli þess, ásamt matseðli og dagskrá kvölnhófs; Konungsbók Eddukvæða og Flateyjarbók (bæklingur); Handritastofnun Íslands (bæklingur); Guðspjónusta í Akureyrarkirkju við upphaf kirkjulistaviku (án árs).
A	2	2	1980 - 1990	Textar í söngleiknum: Jesus Christ Superstar á ensku og íslensku. Efnisskrá tónleika; kynningarefni Tónlistarfélagsins starfsárið 1989-1990.
A	2	3	1954 - 1980	Myndlistarsýningar.
A	2	4	1974 - 1986	Myndlistarsýningar.
A	2	5	1952 - 1969	Leikskrár.
A	2	6	1971 - 1979	Leikskrár; Leiksýn, mál gagn Alþýðuleikhússins 1.tbl. 2.árg. (1976).
A	2	7	1980 - 1994	Leikskrár; Afmælisveisla handa Eyrarrós - Leikin dagskrá flutt í Íþróttaskemmunni á Oddeyri í tilefni 125 ára afmælis Akureyrarbæjar.
A	2	8	1949 - 1980	Leikskrár frá Leikfélagi Menntaskólans á Akureyri.
A	2	9	1962 - 1983	Bréf til áhugafólks varðandi leiklistarnámskeið (óárs.); leikskrár frá Leikfélagi Öngulstaðahrepps og Ungmennafélaginu Árróðinn.